



**193. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, miðvikudaginn 4. janúar 2012 kl. 16:00.**

**Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Jón Gestur Viggósson, Friðrik Einarsson, Sigríður Jónsdóttir, Hafsteinn Pálsson, Gústaf A. Hjaltason 1. varamaður, Garðar Svansson 2. varamaður, Gunnlaugur Júlíusson 3. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir sem ritaði fundargerð.**

**Forföll boðuðu: Lárus Blöndal varaforseti, Helga Steinunn Guðmundsdóttir ritari, Örn Andrésson, Helga H. Magnúsdóttir og Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir.**

#### **1. Afmæli ÍSÍ**

Örn Andrésson formaður Afmælisnefndar ÍSÍ lagði fram drög að dagskrá afmælisdags ÍSÍ og móttöku í Ráðhúsi Reykjavíkur 28. janúar nk.

#### **2. Fundur framkvæmdastjórnar EOC á Íslandi**

Framkvæmdstjóri fór yfir helstu atriði í undirbúningi fyrir fund framkvæmdastjórnar EOC hér á landi 28. janúar nk. Gestirnir munu dvelja á Grand Hótel Reykjavík en fundurinn verður haldinn í höfuðstöðvum ÍSÍ.

#### **3. Sameiginleg hóf ÍSÍ og Samtaka íþróttafréttamanna varðandi íþróttamenn/íþróttakonur ársins 2011**

Farið yfir það helsta í undirbúningi fyrir ofangreint hóf sem haldið verður á Grand Hótel Reykjavík 5. janúar nk. Forseti Íslands, mennta- og menningarmálaráðherra og velferðarmálaráðherra munu mæta til hófsins.

#### **4. Fundur mennta- og menningarmálaráðherra með formönnum sérsambanda ÍSÍ og forystu ÍSÍ**

Fundur mennta- og menningarmálaráðherra með formönnum sérsambanda ÍSÍ og forystu ÍSÍ er fyrirhugaður 9. janúar nk. kl. 16:00. Forseti fór yfir forsöguna og það helsta sem fram kom á undirbúningsfundi með forystu sérsambanda ÍSÍ sem haldinn var í desember. Forseti skýrði frá því að vinnuhópur ÍSÍ um ímyndar- og kynningarmál hefði fundað 29. desember sl. Þar hefðu átt sér stað góðar umræður og ýmsar hugmyndir verið reifaðar.

Forsti skýrði einnig frá fundi sem hann, Örn Andrésson, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSÍ og Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ áttu með mennta- og menningarmálaráðherra fyrr í dag varðandi afreksmál. Var þar ennfremur m.a. rætt um lýðréttindi afreksíþróttafólks og skörun náms og íþróttar.

#### **5. Ólympísk verkefni**

##### ***Vetrarólympíuleikar ungmenna***

Friðrik Einarsson skýrði frá ferðatilhögun hópsins en leikarnir hefjast 13. janúar nk.

##### ***London 2012***

Forseti skýrði frá fundi sem hann átti með forsvarsmönnum Íslandsstofu í tengslum við Ólympíuleikana í London.

Friðrik Einarsson upplýsti fundarmenn um að nú væri fundað u.þ.b. mánaðarlega með þeim sérsamböndum sem geta mögulega átt þátttakendur á Ólympíuleikunum í London.

##### ***Smáþjóðaleikar 2015***

Undirbúningur í biðstöðu.

## 6. Heiðranir

Rætt um heiðranir almennt, með hliðsjón af afmælisári ÍSÍ.

Hafsteinn Pálsson formaður Heiðursráðs ÍSÍ lagði fram lagfærða Reglugerð ÍSÍ um Heiðurshöll ÍSÍ. Nokkrar umræður áttu sér stað um verkefnið í heild, fyrirkomulag og skilyrði. Samþykkt að skoða aðra möguleika varðandi nafn á verkefninu.

Framlagðar breytingar á reglugerðinni samþykktar með viðbótarbreytingu á 5. lið.

Rætt um hugsanlegar tilnefningar í tengslum við afmæli ÍSÍ. Hafsteini falið að bera undir Heiðursráð ÍSÍ þær umræður og tillögur sem fram hafa komið á þessum fundi.

## 7. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 192. fundur framkvæmdastjórnar
- 19. framkvæmdaráðs frá 22. desember 2011
- Almenningsíþróttasvið frá 13. desember 2011
- Afrekssjóðs ÍSÍ og Sjóðs ungra og framúrskarandi efnilegra íþróttamanna frá 14. desember, 22. desember, 29. desember, 30. desember og 2. janúar 2012.

**Tillögur Afrekssjóðs ÍSÍ og Sjóðs ungra og framúrskarandi efnilegra íþróttamanna um styrkveitingar samþykktar (sjá fundargerð frá 2. janúar 2012).**

Forseti vék af fundi til að sinna öðrum embættisskyldum. Gunnar Bragason gjaldkeri tók við fundarstjórn.

## 8. Úthlutun úr Ólympíufjölskyldu ÍSÍ

Lögð fram tillaga að úthlutun úr Ólympíufjölskyldu ÍSÍ. Tillagan samþykkt með fyrirvara um samþykki forseta ÍSÍ. Framkvæmdastjóra falið að bera tillöguna undir forseta.

## 9. Starfsreglur Afrekssjóðs ÍSÍ

Örn Andrésen lagði fram endurbættar starfsreglur Afrekssjóðs ÍSÍ og fór ítarlega í helstu tillögur að breytingum. Nýjar starfsreglur Afrekssjóðs ÍSÍ samþykktar.

## 10. Viðburðir framundan

Farið yfir helstu viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

## 11. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næsti fundur verður haldinn 26. janúar nk. kl. 12:00. Hátíðarfundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ verður haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur kl. 14:30 á 100 ára afmæli ÍSÍ þann 28. janúar nk.

## 12. Önnur mál

Gústaf A. Hjaltason vakti athygli fundarmanna á fjölbreyttri dagskrá RIG – Alþjóðlegu Reykjavíkurleikanna sem haldnir verða dagana 19.-22. janúar nk. og hvatti fundarmenn til að mæta á sem flesta viðburði.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari